



Aðalfundur 2013

Fundargerð 28/ janúar 2013

Formaður Þyts Gunnar Geir Halldórsson setti fundin.

1. Kosning fundarstjóra, Ragnar Hilmarsson kosin. Kosning fundarritara, Daníel Helgason kosin.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar.
Stutt umræða um skýrsluna. Skýrslan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
3. Skýrsla gjaldkera um reikninga ársins 2012.
Nokkrar umræður um kostnað og tekjur af hífingum báta. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Ákvörðun um árgjald. Ákvörðuninni vísað til stjórnar.
5. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
6. Kjör formanns. Ragnar Hilmarsson kjörinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.
7. Kjör meðstjóra.
Úr stjórn gengu Andri Örn Jónsson, Áskell Fannberg og Gunnar Freyr Gunnarsson.
Sem meðstjórnendur voru kjörnir Áskell Fannberg, Gunnar Freyr Gunnarsson og Pétur Th Pétursson. Kjörnir til tveggja ára.

Þar sem Ragnar Hilmarsson var kjörinn formaður, hverfur hann úr sæti sem meðstjórnandi. Í hans stað var kjörinn Gunnar Geir Halldórsson, til eins árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum, samkvæmt lögum klúbbsins.

8. Kjör endurskoðenda. Kjörnir voru þeir bræður Þórður og Daníel Helgasynir.
9. Kosningu fulltrúa á þing ÍBH og á þing SÍL var vísað til stjórnar.
10. Kosningu mótanefndar var vísað til stjórnar.
11. Önnur mál.
 - Úlfur Hróbjartsson, formaður SÍL ávarpaði fundin. Fjallaði Úlfur um þá áherslu sem SÍL leggur á fræðslu og kennslumál þessi misserin.
 - Pétur Th Pétursson, fjallaði um framkvæmdir við húsið og minnti á vinnukvöld í því sambandi.



- Einnig ræddi Pétur um nauðsyn þess að halda til haga búnaði sem tilheyrir eldri bátum í eigu klúbbsins sem ekki hafa verið í mikilli notkun undanfarið.
- Pétur ræddi um áhuga sinn á því að starfræktur yrði siglingaskóli og slíkt starf þróað til að skjóta frekari stoðum undir siglingar. Þá kom Pétur inn á nauðsyn þess að tengja betur saman starf barna og foreldra þeirra í siglingum, þ.e. að skapa börnum tækifæri til að kynna siglingastarf fyrir foreldrum sínum.
- Hörður Guðmundsson siglingaþjálfari, ræddi að sem stæði væri ekki mikill grundvöllur fyrir starfi yfir vetrarmánuðina. Þá sagði hann að þátttaka í æfingum síðasta sumar hefði ekki verið eins góð og oft áður.
- Töluverðar umræður spruttu um réttindanám til skipstjórnar á kjölbátum klúbbsins og hvort einhverjar leiðir væru færar til að auðvelda fólki að öðlast slík réttindi.
- Í lokin fluttu skoðunarmenn reikninga smá ádrepu um nauðsyn þess að halda fundargerðar bók um helstu athafnir og ávarðanir stjórnar, þannig að til væru gögn til að rekja sig eftir aftur í tíman ef nauðsynlegt væri. Fundargerðir væru einnig mikilvæg gögn til að halda til haga sögu klúbbsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Hafnarfirði 28. janúar 2013